

Lagt fyrir fund velferðarráðs 2. september 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um sjálfvirkar stöðutilkynningar til skóla og forsjáraðila

Lagt er til að velferðarsvið, í samstarfi við skóla- og frístundasvið og þjónustu- og nýsköpunarsvið eftir því sem við á, verði falið að útfæra og innleiða verklag um sjálfvirkar stöðutilkynningar vegna mála barna sem eru til vinnslu.

Markmiðið verði að tryggja að forsjáraðilar og viðkomandi skóli, eftir því sem við á og heimildir standa til, fái skýrar og tímanlegar upplýsingar um stöðu máls. Meðal annars verði send tilkynning þegar mál hefur verið mótttekið og tekið til vinnslu og þegar breyting verður á stöðu eða framgangi máls.

Við útfærslu verði sérstaklega horft til þess að tilkynningar séu einfaldar og skýrar og veiti upplýsingar um hvar málið er statt og, eftir því sem unnt er, hver næstu skref eru. Jafnframt verði tryggt að miðlun upplýsinga sé í samræmi við reglur um persónuvernd og þagnarskyldu.

Greinargerð:

Markmið tillögunnar er að bæta upplýsingaflæði og draga úr óvissu hjá börnum, fjölskyldum og skólum á meðan beðið er eftir afgreiðslu eða þjónustu. Forsjáraðilar eiga ekki að þurfa að hafa ítrekað samband við borgina til þess eins að fá upplýsingar um hvort mál sé komið í vinnslu eða hvar það sé statt.

Með einföldum og sjálfvirkum stöðutilkynningum má auka gagnsæi, bæta þjónustu við fjölskyldur og skóla og um leið draga úr fyrirspurnum og óþarfa umsýslu starfsfólks.